



ÁRSSKÝRSLA KKÍ 2021

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS



SKÝRSLA 2019-2021

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS



Körfuknattleikssamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal · Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Stjórn, starfsmenn og nefndir KKÍ tímabilið 2019-2021

Stjórn KKÍ:

| | |
|----------------|--------------------------------|
| Formaður: | Hannes Sigurbjörn Jónsson |
| Varaformaður: | Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir |
| Gjaldkeri | Ester Alda Sæmundsdóttir |
| Ritari: | Lárus Blöndal |
| Meðstjórnandi: | Birna Lárusdóttir |
| Meðstjórnandi: | Einar Karl Birgisson |
| Meðstjórnandi: | Erlingur Hannesson |
| Meðstjórnandi: | Guðni Hafsteinsson |
| Meðstjórnandi: | Herbert S. Arnarson |
| Meðstjórnandi: | Jón Bender |

Skrifstofa KKÍ:

| | |
|------------------------|-------------------------------|
| Formaður: | Hannes Sigurbjörn Jónsson |
| Afreks- og markaðsmál: | Kristinn Geir Pálsson |
| Mótastjóri: | Snorri Örn Arnaldsson |
| Skrifstofustjóri: | Sigrún Ragnarsdóttir |
| Starfsmaður: | Sólveig Helga Gunnlaugsdóttir |

Mótanefnd:

Lárus Blöndal, formaður
Guðni Guðnason
Björn Bjarki Þorsteinsson

Dómaranefnd:

Jón Bender, formaður
Rögnvaldur Hreiðarson
Aðalsteinn Hrafnkelsson

Afreksnefnd:

Herbert Arnarson, formaður
Guðni Hafsteinsson
Erlingur Hannesson
Signý Hermanssdóttir
Svali Björgvinsson
Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir
Sveinbjörn Claessen

Fræðslunefnd:

Birna Lárusdóttir, formaður
Jón Þór Þórðarson
Tobías Sveinbjörnsson
Margrét Kara Sturludóttir
Jón Svan Sverrisson

Aga- og úrskurðarnefnd:

Þórólfur H. Þorsteinsson, formaður
Björgvin Björnsson, varaformaður
Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður
Kristinn G. Kristinsson
Birkir Guðmundarson
María Káradóttir

Áfrýjunardómstóll:

Halldór Halldórsson, formaður
Jóhannes Karl Sveinsson
Ingimar Ingason

Áfrýjunardómstóll**varamenn:**

Einar Hugi Bjarnason
Bryndís Gunnlaugsdóttir
Nökkvi Már Jónsson

Skoðunarmenn reikninga:

Sigurður Gíslason
Páll Kolbeinsson



Skýrsla stjórnar og fastanefnda KKÍ 2019-2021

Fljótlega eftir að Kórfuknattleiksþingi 2019 lauk skipti stjórn með sér verkum að tillögu formanns og nefndir voru skipaðar.

Stjórn KKÍ hélt 33 formlega fundi, auk margra annara óformlegra funda, símtala og tölvupóstsamskipta. Fjarfundarformið var einnig mikið notað þar sem flestir eru orðnir ansi vanir því fyrirkomulagi.

Formenn fastanefnda koma öll úr stjórn og eru þau mjög virk í starfinu og má segja í daglegum samskiptum við skrifstofu sambandsins.

Skrifstofa KKÍ

Skrifstofa KKÍ er opinn alla virka daga frá 09:00 - 16:00.

Starfsmenn skrifstofu KKÍ reyna eftir fremsta megni að aðstoða og leiðbeina aðilum innan hreyfingarinnar, en oft er álagið mikið og mörg verkefni í gangi á sama tíma sem þarf að sinna. Það vekur oft undran félaga okkar á Norðurlöndum hvað skrifstofa KKÍ kemst yfir mörg fjölbreytt verkefni ef miðað er við fjölda starfsmanna sambandsins, en skrifstofur kórfuknattleikssambanda Norðurlandþjóðanna eru allar mun fjölmennari.

Stefán Þór Borgþórsson lét af störfum hjá KKÍ vorið 2019 en hann hafði gegnt starfi mótastjóra frá árinu 2008, en mótamálin uxu mikið á þeim tíma sem Stefán starfaði sem mótastjóri. Stjórn KKÍ færir Stefáni þakkir sínar fyrir sín störf, en hann er mikill KKÍ maður og er boðin og búinn að aðstoða við ýmis verkefni og kemur að starfinu enn þann dag í dag. Árni Eggert Harðarson lét af störfum íþróttafulltrúa sumarið 2019 en hann hóf störf árið 2015. Árna er þakkað fyrir góð störf fyrir sambandið.

Snorri Örn Arnaldsson var ráðinn sem mótastjóri vorið 2019.

Sigrún Ragnarsdóttir var ráðin sem skrifstofustjóri í byrjun desember 2019.

Sólveig Helga Gunnlaugsdóttir var ráðin inn sem íþróttafulltrúi í janúar 2021.

Heimsfaraldur COVID-19

Þetta starfstímabil stjórnar hefur verið ansi sérstakt þar sem heimsfaraldur COVID-19 hafði mikil áhrif á kórfuboltafjölskylduna og allt þjóðfélagið. Svo sannarlega var og er um fordæmalaus tíma að ræða. Stjórnin þurfti að taka ákvarðanir án fordæma og vinna að málum sem ekki hafði þurft að huga að áður. Heimsfaraldurinn hafði áhrif á bæði keppnistímabilin á starfstímabilinu sem og allt landsliðs- og afreksstarf á árinu 2020 sem og að vori 2021. Það hefur farið mjög mikill tími og kraftur stjórnar, skrifstofu og nefnda sambandsins í ýmsa vinnu tengda COVID-19.

Stjórn KKÍ þurfti, vegna þeirra aðstæðna sem voru í þjóðfélaginu, að taka mjög erfiðar ákvarðanir hvernig ætti að klára keppnistímabilið 2019-2020. KKÍ var eitt af fyrstu sérsamböndum í Evrópu, ef ekki heiminum, til að takast á við þá stöðu sem uppi var og ákveða hvernig ljúka skyldi keppnistímabilinu 2019-2020. Kórfuboltasambönd margra

annarra þjóða leituðu til KKÍ eftir samtali og leiðsögn vorið 2020. KKÍ fékk sérstakt hrós frá FIBA hvernig tekið var á málum hér á landi og lýsti yfir góðum stuðningi við ákvarðanir sambandsins.

Það var ljóst sumarið 2020 að heimsfaraldurinn myndi hafa áhrif áfram. Vegna þessa útbjó stjórn KKÍ sérstaka reglugerð er tekur á flestum þeim atriðum er snúa að keppnishaldi meðan COVID-19 faraldurinn gengur yfir. Reglugerðin segir til um hvernig beri að taka á málum ef upp kemur sú staða að fresta eða færa þurfi til leiki í mótahaldi vegna takmarkana yfirvalda vegna faraldursins. Reglugerðin var kynnt fyrir aðildarfélögum KKÍ, en engin andmæli bárust frá hreyfingunni vegna hennar. Það kom til þess mjög snemma á keppnistímabilinu að grípa þyrfti til frestana vegna mikillar fjölgunar smita og má segja að frá byrjun október til og með miðjum janúar 2021 hafi móthaldið verið í töluverði óvissu. Um miðjan janúar var svo farið að spila aftur í tveimur efstu deildum karla og kvenna, í lok janúar í yngri flokkum þar sem spilað er heima og heiman og í byrjum febrúar var allt móthaldið komið af stað þegar fjölliðamót yngri flokka fóru í gang og auk neðri deilda meistara flokka. Á meðan æfingabanni stóð í faraldrinum setti KKÍ af stað þrautakeppnir á samfélagsmiðlum og hvatti til notkuna á myndbands æfingum frá Driplinu. Stöð 2 ákvað að taka Driplið til sýninga og þannig gátu allri sem vildu gert heimaæfingar. Á verðlaunahátíð RÚV í júní 2020 þar sem barna- og unglíngæfni var verðlaunað fékk Driplið tilnefningu í flokknum fræðslunefni, sem er afar ánægjulegt.



Heimsfaraldurinn hafði einnig mjög mikil áhrif á allt afreks- og landsliðsstarf ársins 2020, sem og fram á vorið 2021. Yngri landsliðin fengu engin verkefni á árinu og því mikil breyting frá rúmlega 100 landsleikjum yngri liðanna okkar frá 2019 í engan árið 2020.

A landslið karla og kvenna fengu krefjandi verkefni að spila í sínum keppnum í nóvember 2020 og febrúar 2021 í svokölluðum „bubblum“, Konurnar spiluðu í Heraklion í Grikklandi og Ljubljana í Slóveníu. Karlarnir kepptu í Bratislava í Slóvakíu og í Prishtina í Kosovó. Að ferðast á þessum tímum er mjög krefjandi, þar sem tíðni flugferða er aðeins brot af því sem áður þekktist, þjónusta er takmörkuð eða lokuð á flest öllum flugvöllum og tengja þarf saman ferðir þeirra landsliðsmanna sem koma frá Íslandi við okkar landsliðsmenn sem leika víða um Evrópu. Þetta lagði mikla vinnu á herðar öflugs starfsfólks KKÍ og treysta þurfti á ötula

samvinnu við Icelandair og VITA. Sérstaklega var það Soffía Helgadóttir hjá VITA sem sá til þess að allt þetta gengi upp og var hún vakandi yfir ferðalögum hópanna þegar á þurfti að halda. Landsliðsfólkið okkar og starfsfólk í kringum landsliðin lagði á sig ómælda vinnu og ferðalög auk sóttkvíar sem er sannarlega þakkarvert.



Aðildarfélög KKÍ hafa tekist á við erfiðar aðstæður, aðstæður sem enginn hefur nokkru sinni tekist á við áður. Aðildarfélög KKÍ og allir sem að körfubotlanum koma hafa staðið sig frábærlega í starfi sínu við þær aðstæður sem hafa verið í COVID-19 heimsfaraldrinum. Enn ein áskorunin sem sjálfbóðaliðar hafa þurft að taka á sig og leyst með miklum sóma. KKÍ og körfuknattleiksfolk hefur frá upphafi baráttinnar við COVID-19 farið í einu og öllu eftir tilmælum og reglum yfirvalda og mun gera það áfram. Forysta KKÍ hefur átt í góðum samskiptum við yfirvöld sem ávallt hafa verið tilbúinn að mæta til fundar til að hlusta á sjónarmið KKÍ og íþróttahreyfingarinnar. Fulltrúar yfirvalda jafnframt lýst sínum sjónarmiðum og fært rök fyrir þeirri vinnu sem unnin hefur verið. KKÍ og HSÍ ákváðu í upphafi þessa faraldurs að vinna eins mikið saman eins og hægt væri. Samböndin hafa unnið þétt saman að leiðbeiningum til aðildarfélaganna varðandi sóttvarnir í kringum æfingar og keppni, sem hafa verið uppfærðar í hvert sinn sem reglugerð heilbrigðisráðherra um samkomutakmarkanir hefur tekið breytingum. Á þessum tíma hefur forysta KKÍ hefur ávallt talað fyrir málstað körfuboltafólks og íþróttamanna, bæði innan íþróttahreyfingarinnar sem og út á við í samfélagið, enda er það eitt af lykilhlutverkum sambandsins.

Ríkisstjórn, þingmönnum og stjórnun sveitarfélaga er þakkað fyrir þeirra mikilvægu aðstoð við aðildarfélög KKÍ á þessum erfiðu tímum.

Fjármál

Rekstur KKÍ hefur verið krefjandi undanfarin ár og má það að langmestu rekja til þess hversu landsliðstarfið og árangur landsliða okkar hefur vaxið mikið á þessum tíma. Það er ansi fjárfrekt að halda úti öflugum landsliðsstarfi og áður en afrekssjóður ÍSÍ var hækkaður reglulega og verulega frá ríkisvaldningu á árunum 2016-2020 voru styrkir úr afrekssjóði ansi

rýrir. Það hefur farið mikill kraftur og vinna við að ná niður skuldum KKÍ en í lok árs 2017 voru skuldir komnar í um 55 milljónir, það er því afar ánægjulegt að góður árangur hefur náðst og núna í lok árs 2020 eru skuldir komnar niður í um 14 milljónir. Með góðri aðstoð Landsbankans eru þær skuldir sem eftir sitja í ákveðnum farvegi, sem léttir reksturinn allverulega. Þegar fjárhagsstaða og fjármagnsflæði er þungt, má segja að allur rekstur sé í gjörgæslu. Áfram er unnið að því að koma rekstinum réttu megin við núllið. KKÍ þakkar öllum sem hafa sýnt þessum erfiðu aðstæðum skilning.

Heimsóknir til aðildarfélaganna

Á þingi sambandsins vorið 2019 var tilkynnt að fulltrúar stjórnar ásamt starfsfólki stefndu að því að heimsækja sem flest félög fyrir þing 2021. Áður en heimsfaraldur COVID-19 skall á náðist að heimsækja nokkur félög. Stefnt er að því að taka upp þráðin að nýju á komandi hausti 2021.

Laganefnd skipuð til að yfirfara lög sambandsins

Litlar breytingar hafa verið gerðar á lögum KKÍ á undanförunum árum. Það var því orðið tímabært að fara heildstætt yfir lög sambandsins, en nauðsynlegt var að uppfæra löginn til samræmis við ákvæði laga ÍSÍ og FIBA. Sumarið 2020 skipaði stjórn sambandsins þrjá löglærða einstaklinga í laganefnd til að yfirfara löginn og skila tillögu fyrir körfuknattleiksþing 2021. Nefndin hefur unnið mikla og góða vinnu og liggja nú fyrir þinginu drög að nýjum lögum KKÍ. Laganefndina skipuðu þau Sveinbjörn Claessen formaður, María Káradóttir og Þórólfur Þorsteinsson, starfsmaður með þeim var Snorri Örn Arnaldsson og aðstoðaði hann nefndina við meðal annars við gagnaöflun.



Samstarfsaðilar

Það er körfuknattleikshreyfingunni mikilvægt að KKÍ eiga öfluga bakhjarla til að styðja við starfsemi sambandsins. Það er mikilvægt að vinna mjög vel með hverjum og einum samstarfsaðila.

Það er ánægjulegt að samstarfsaðilar KKÍ vinna í mörg ár með sambandinu og eru ánægð með það starf sem unnið er innan sambandsins. Það er einnig ánægjulegt að sjá að margir samstarfsaðilar aðildarfélaganna vinna mjög vel og náði með þeim að efla körfuboltann innan þeirra svæða.

Til að starfsemi sambandsins haldi áfram að vaxa og dafna þá er leitast við að gera samninga sem koma að sem flestum þáttum starfsins. Tvö ný fyrirtæki hafa bæst við sem samstarfsaðilar frá síðasta þingi, en það eru VÍS og Danól. Geysir hætti sem samstarfsaðili síðastliðið haust og kunnum við þeim okkar bestu þakkir fyrir samstarfið.



Samningur við Domino's vegna Domino's deildanna rennur út út að loknu þessu keppnistímabil 2020-2021. Báðir aðilar hafa lýst yfir vilja til að vinna áfram saman næstu árin og eru samningur um áframhaldandi samstarf á lokametrunum.

VÍS er nýr samstarfsaðili KKÍ og mun bikarkeppnin bera nafn VÍS BIKARINN næstu árin, en VÍS mun einnig koma að frekari útbreiðslu körfuboltans með ýmsum hætti.

Samningur við Icelandair rennur út á árinu og er unnið að því að framlengja samninginn.

Samningur við DHL rennur í vor en DHL hefur verið samstarfsaðili KKÍ síðan 2015 og er unnið að endurnýjun á samningi.

Samningur við Lykil fjármögnun rennur út í vor og er unnið að því að endurnýja samstarfið við Lykil.

Ölgerðin hefur verið samstarfsaðili KKÍ síðan árið 2015 og er núgildandi samningur út árið 2021.

Íslensk Getspá/Lengjan endurnýjaði samstarfssamning árið 2020 og gildir sá samningur út árið 2021.

ERREA er samstarfsaðili vegna landsliðsfatnaðar og var samningur endunýjaður vorið 2019 út árið 2022.



Samningur við Altís, umboðsaðila Molten bolta rennur út vorið 2022.

Samningur er við Margt Smátt út árið 2021.

Samningur við SÝN var endurnýjaður síðastliðið sumar um sýningarrétt á Domino's deildum karla og kvenna á Stöð 2 Sport. Einnig verður sýnt frá 1. deildum karla og kvenna ásamt úrslitahelgum 9. flokks og eldri. Þessi samningur mun auka enn frekar sýnileika og umfjöllum körfuboltans, en Stöð 2 Sport og starfsfólk hafa aukið fjölda beinna útsendinga og þáttagerðar mjög mikið á síðustu árum.

RÚV hefur sýningarréttinn frá VÍS BIKARNUM og á landsleikjum A-landsliða okkar út árið 2023.

Stjórn KKÍ þakkar Domino's, Icelandair, DHL, VÍS, Lykli, Ölgerðinni, Errea, Molten, Danól, Lengjuni, RÚV, Stöð 2 Sport, og Margt Smátt fyrir þeirra mikla og góða stuðning við körfuboltann, sem og ánægjulegt og gott samstarf.

Umsýslu-, móta- og tölfraeðikerfi KKÍ

KKÍ hefur endurnýjað samning við Genius Sports varðandi umsýslu-, móta- og tölfraeðikerfi sambandsins. KKÍ fær afnot af öllum þessum kerfum fyrirtækisins. Samningnum fylgir að Genius Sports fær einkaréttinn af tölfraeðinni til frekari nota og ráðstöfun á henni.

KKÍ 60 ára - 29. janúar 2021

KKÍ náði þeim áfanga að verða 60 ára 29. janúar síðastliðinn, en sambandið var formlega stofnað sunnudaginn 29. janúar 1961. Korfubolti hafði verið stundaður hér á landi um nokkurt skeið áður en kom að stofnun KKÍ, en eftir dugnað stórhuga baráttumanna tókst að setja KKÍ á stofn. Þessum einstaklingum eigum við korfuboltafólk mikið að þakka. Það gekk þó ekki þrautalaust fyrir sig þar sem nokkur andstaða var við fjölgun sérsambanda á þessum tíma. Bogi Þorsteinsson varð fyrsti formaður KKÍ og var einn af þeim barðist hvað mest fyrir stofnun samabandsins.

Fræðsla og útbreiðsla

Vinsældir korfuboltans hefur aukist jafnt og þétt á undandörnum árum og áratugum og í dag er korfubolti einn vinsælasta íþróttagrein landsins. Korfubolti er ein útbreiddasta og fjölmennasta íþróttagrein landsins samkvæmt nýjustu tölum úr tölfræði ÍSÍ.



Íðkendur í korfubolta eru 8.313, en íþróttin er þá orðin fimmta fjölmennasta íþróttagrein landsins. Korfubolti er nú stundaður í 24 af 25 íþróttahéruðum landsins. Ávallt er unnið er að því fjölga korfuknattleiksfélögum og er nýjum félögum veitt aðstoð og fylgst vel með þeirra starfi. Undanfarin ár hefur KKÍ og í samráði við Domino's og FIBA gefið um 2000 bolta af öllum stærðum til félaganna, skóla og stofnanna.

KKÍ hefur aðstoð Hauka í kringum æfingar barna með með sérþarfir. KKÍ, ÍF og Errea afhentu þessum börnum og þjálfurum þeirra landsliðsbúning merktan hverjum og einum ásamt landsliðs hettupeysu merкта ÍSLAND-KÖRFUBOLTI og var mikil ánægja hjá krökkunum með gjafirnar. Kristinn Jónasson og Thelma Þorbergsdóttir komu verkefninu af stað og hafa stýrt því með dugnaði sínum og áhuga.

Þjálfara- og dómara námskeið hafa verið haldin ásamt ritarabórðs- og tölfræðinámskeiðum. KKÍ hvetur félögin til að nýta sér vel þessi námskeið til að efla innra starf félaganna. Aðildarfélög KKÍ eru hvött til að senda einstaklinga á þessi námskeið og einnig að óska eftir námskeiðum til sín.

Sérstök ráðstefna til að fjölga konum í dómgæslu var haldin haustið 2019 og komu FIBA dómurarnir Kati Nynas og Karolina Andersson frá Finnlandi og héldu erindi um stöðu kvenndómara í boltagreinum.

Frekari upplýsingar um fræðslu- og útbreiðslumál er að finna í skýrslu fræðslunefndar.

Fjölmiðlar

Það er KKÍ mikilvægt að eiga gott og vandað samstarf við fjölmiðla. Þetta samstarf hefur gengið vel og heilt yfir verið körfuboltanum á Íslandi til framdráttar. Fjölmiðlar eiga stóran hlut í miklum vexti körfuboltans á liðnum árum, enda umfjöllun þeirra verið í senn viðamikil og fagleg.



Íþróttamiðstöðin í Laugardal - samstarf við ÍSÍ, UMFÍ, önnur sérsambönd og íþrótt- og héraðsbandalög.

Eins og gefur að skilja er mjög mikið samstarf og samgangur við stjórn og starfsfólk ÍSÍ, önnur sérsambönd, íþrótt- og héraðsbandalögin og UMFÍ. Í íþróttamiðstöðinni starfar fólk með mikla reynslu og þekkingu sem oft er miðlað á milli sambandsaðila. KKÍ þakkar það góða samstarf sem er í íþróttamiðstöðinni þvert á íþróttgreinar og íþrótt- og héraðsbandalögin.

Alþjóðastarfið

Alþjóðlega starfið er mikilvægt og stór þáttur í starfsemi sambandins hefur vaxið mikið á undanförunum árum. Eitt af því sem heimsfaraldur COVID-19 hefur sýnt er að í mörgum tilfellum er alveg jafn árangursríkt að halda fjarfundi, en sú tækni hefur verið notuð mikið frá því í mars 2020. Fyrir hönd KKÍ hafa Hannes S. Jónsson formaður, Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður, Kristinn Geir Pálsson afreksstjóri og Snorri Örn Arnaldsson mótastjóri séð um alþjóðlegt samstarf.

Norðurlöndin starfa mikið saman og og funda regluega en Hannes S. Jónsson stýrir þessu samstarfi fyrir KKÍ þar til í október á þessu ári þegar Svíar taka við.



Í maí 2019 fór þing FIBA Europe fram, en töluverð átök voru á þinginu í aðdraganda kosninga til stjórnar og eftir kosningu einnig.

Hannes S. Jónsson var ekki endurkjörinn í stjórn FIBA Europe. Hannes situr áfram í nefndum á vegum FIBA og FIBA Europe.

Afreks- og landsliðsmál

Afreks- og landsliðsmálin eru mjög umfangsmikil í starfsemi sambandsins og á sama tíma eru gerðar miklar kröfur til landsliðanna og til skrifstofu KKÍ varðandi aðbúnað liðanna. Kröfur FIBA eru miklar í keppnishaldinu og margt sem þarf að hafa í huga er snýr er afreks- og landsliðsmálunum.





Undanfarin ár hefur verið mikið rætt og unnið að því að landsliðin okkar eignist varanlegan þjóðarleikvang. Í ársbyrjun 2020 skipaði Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra vinnuhóp um þjóðarleikvang fyrir inniþróttir og er Hannes S. Jónsson formaður KKÍ einn þeirra sem skipaður var í hópinn. Hópurinn skilaði skýrslu á haustdögum 2020 og fékk í framhaldinu það hlutverk að vinna málið áfram. Bjartsýni ríkir á að málið verði klárað á næstu mánuðum og að hægt verði að hefja byggingu þjóðarleikvangs fyrir inniþróttir á allra næstu árum. Landsliðum okkar sem og annarra íþróttagreina vantar tilfinnanlega varanlegt heimili, en þjóðarleikvangur sem uppfyllir kröfur FIBA og annarra alþjóðasamband leysir þann vanda.



Þar sem landsliðstarfið er mjög umfangsmikið og mikill fjöldi æfingartíma sem þarf að koma fyrir getur oft verið erfitt að finna tíma fyrir allar þessar æfingar og þakkar KKÍ aðildarfélögum sínum og sveitarfélögum fyrir góða aðstoð og stuðning við landsliðsstarfið.

KKÍ og HR hafa unnið saman frá árinu 2017 en HR sé um mælingar á nokkrum landsliðum, og munu niðurstöður þeirra nýtast báðum aðilum. Samstarfið felur í sér að meistaranámsnemi í íþróttfræðum í HR gerir yfirgripsmikla rannsókn á landsliðum KKÍ og

eru mælingar og niðurstöður nýttar í meistararitgerð í íþróttavísindum og þjálfun. Rannsóknin er gerð í nánu samstarfi við þjálfarateymi landsliðs og leikmanna.

Frekari upplýsingar um afreks- og landsliðsmál er að finna í skýrslu afreksnefndar.

Lyfjamál

Lyfjapróf í körfuknattleik [þvagprufur] teknar af Lyfjaeftirliti Íslands:

Frá mars 2019 - mars 2020:

Konur: 3 utan keppni, 6 í keppni

Karlar: 5 utan keppni, 4 í keppni

Frá mars 2020 - mars 2021:

Konur: 3 utan keppni, 2 í keppni

Karlar: 5 utan keppni

Öll sýnin reyndust **neikvæð**.

Fræðslumálin munu færast í aukana á þessu ári þar sem alþjóðlegur staðall um fræðslu (International Standard for Education) er nýtilkominn. Nýjar lyfjareglur WADA hafa tekið gildi um allan heim og gilda næstu sex árin og samhliða því tóku nýjar Lyfjareglur Lyfjaeftirlits Íslands gildi, en þær byggjast á Alþjóðalyfjareglunum. Þar sem Lyfjaeftirlit Íslands er sjálfstæð lyfjaeftirlitsstofnun, taka Lyfjareglur Lyfjaeftirlits Íslands við af Lögum ÍSÍ um lyfjamál og eru gildandi reglur í lyfjamálum á Íslandi.

Mikilvægt er að íþróttamenn séu áfram vel upplýstir um þær reglur sem í gildi eru er varða málaflökkinn. Mikilvægt er að íþróttamenn taki vara á sér og gangi úr skugga um að lyf er þeim eru ávísuð innihaldi ekki efni af bannlista. Varúðar þarf einnig að gæta við inntöku fæðubótarefna því íþróttamaður ber alltaf ábyrgð á því sem hann neytir.

Alþjóðlegir dómara, eftirlitsmenn og dómaraleiðbeinandi

Á dómaraalista KKÍ hjá FIBA eru þeir Aðalsteinn Hjartarson, Davíð Tómas Tómasson, Jóhannes Páll Friðriksson, Ísak Ernir Kristjánsson og sá allra nýjasti er Bjarki Þór Davíðsson. FIBA eftirlitsmenn eru Jón Bender og Rúnar Birgir Gíslason. Kristinn Óskarsson er alþjóðlegur dómaraleiðbeinandi.

Fyrirkomulagið er þannig að annað hvert ár fá aðildarþjóðir FIBA pláss fyrir ákveðinn fjölda dómara og eftirlitsmanna út frá árangri landsliða og félagsliða í alþjóðlegum keppnum.

Frekari upplýsingar um dómaramál er að finna í skýrslu dómaranefndar



Heiðursveitingar

Sunnudaginn 29. september varð Keflavík, Íþróttta- og Ungmennafélag, 90 ára og hélt af því tilefni afmælishóf í Íþróttahúsi sínu Blue-höllinni að Sunnubraut. Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, og Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir, varaformaður KKÍ, mættu í afmælið, óskuðu félaginu til hamingju með áfangan.

Í tilefni afmælisins heiðruðu þau Hannes og Guðbjörg nokkra einstaklinga fyrir mikil og góð störf fyrir körfuboltann. Björg Hafsteinsdóttir og Kristinn Óskarsson voru sæmd Gullmerki KKÍ og Silfurmerki KKÍ fengu þau Einar Hannesson, Einar Skaftason, Rúnar Georgsson og Sigurður Ingimundarson. Þá hlaut Anna María Sveinsdóttir Gullmerki KKÍ einnig í 50 ára afmæli sínu í október sem Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir, varaformaður afhenti henni.



Á Dómarþingi KKÍ í júní 2020 afhenti Hannes Jónsson formaður Einari þór Skarphéðinssyni dómara til 30 ára silfurmerki KKÍ fyrir góð og mikilvæg störf fyrir körfuknattleikshreyfinguna, en Einar hefur verið dómari, þjálfari, leikmaður og sjálfboðaliði í rúm 40 ár.

Einar Bollason heiðurskrosshafi KKÍ var þann 17. júní 2020 sæmdur riddarskross hinnar íslensku fálkaorðu af forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessyni. Einar hlaut riddarakross fyrir framlag sitt til íþróttu og störf í ferðapjónustu.



Móthaldið

Mótahald KKÍ hefur vaxið hröðum skrefum síðustu ár, en það endurspeglar góða og vaxandi stöðu körfuknattleiksíþróttarinnar hér á landi ásamt því öflugra starfi sem aðildarfélög KKÍ, hringinn um landið, standa fyrir. Þessi samantekt birtist í stuttri skýrslu mótanefndar um stöðu mótamála, en hana má nálgast á eftirfarandi tengli:

[https://www.kki.is/frettir/frett/2020/07/09/Motahald-KKI-reglulegur-voxtur/?pagetitle=M%**c3%b3**tahald+KK%**c3%8d**+-+reglulegur+v%**c3%b6**xTUR](https://www.kki.is/frettir/frett/2020/07/09/Motahald-KKI-reglulegur-voxtur/?pagetitle=M%c3%b3tahald+KK%c3%8d+-+reglulegur+v%c3%b6xtur)

Þar sem móthald KKÍ er mjög umfangsmikið er afar brýnt að forsvarfólk félaganna sæki þá fundi sem haldnir eru varðandi móthaldið og kynni sér það sem snýr að móthaldi sérlega vel.

Frekari upplýsingar um móthaldið má finna í skýrslum mótanefndar, dómaranefndar og aga- og úrskurðarnefndar

Diploma námskeiði fyrir sjúkráþjálfara sem var sérmiðað að körfuknattleik

Í lok janúar 2021 stóðu KKÍ og Atlas endurhæfing fyrir sérstöku Diploma námskeiði fyrir sjúkráþjálfara sem var sérmiðað að körfuknattleik. Þetta er í fyrsta sinn sem sérstakt námskeið er haldið sérmiðað og eingöngu með körfuknattleik sem viðfangsefni að því er best vitað og er KKÍ eitt af fyrstu sérsamböndunum til að koma á fót þessu verkefni.

Vonir standa til að allir þeir sjúkráþjálfarar sem fari í verkefni fyrir KKÍ hafi lokið námskeiðinu. Einnig er stefnt að því að KKÍ bjóði uppá námskeið sem þetta fyrir sjúkráþjálfara aðildarfélaganna sinna.



Alls voru 9 sjúkráþjálfarar sem sátu námskeiðið og var almenn ánægja með hvernig til tókst. Kennarar voru Valgeir Viðarsson og Róbert Magnússon frá Atlas endurhæfingu.

Körfuknattleiksfólk ársins 2019 og 2020

Í lok hvers árs velja sérsambönd ÍSÍ íþróttamenn sinna íþróttagreina. Hjá KKÍ er það þannig að stjórn, afreksnefnd, starfsmenn skrifstofu og landsliðsþjálfarar velja körfuknattleiksfólk ársins.

2019 Körfuknattleikskarl ársins · Martin Hermannsson

2019 Körfuknattleikskona ársins · Helena Sverrisdóttir

Aðrar sem fengu atkvæði í stafrófsröð eru:

Guðbjörg Sverrisdóttir, Gunnhildur Gunnarsdóttir, Hallveig Jónsdóttir, Hildur Björg Kjartansdóttir, Lovísa Björt Henningsdóttir, Sara Rún Hinriksdóttir, Thelma Dís Ágústsdóttir og Þóra Kristín Jónsdóttir.



KÖRFUKNATTLEIKSFÓLK ÁRSINS 2019



HELENA SVERRISDÓTTIR
VALUR

MARTIN HERMANNSSON
ALBA BERLIN

Aðrir sem fengu atkvæði í stafrófsröð:

Elvar Már Friðriksson, Haukur Helgi Briem Pálsson, Kristófer Acox, Jón Axel Guðmundsson og Tryggvi Snær Hlinason.

2020 Körfuknattleikskarl ársins · Martin Hermannsson

2020 Körfuknattleikskona ársins · Sara Rún Hinriksdóttir

Aðrar sem fengu atkvæði eru í stafrófsröð:

Bríet Sif Hinriksdóttir, Hallveig Jónsdóttir, Helena Sverrisdóttir, Hildur Björg Kjartansdóttir, Thelma Dís Ágústsdóttir og Þóra Kristín Jónsdóttir

Aðrir sem fengu atkvæði eru í stafrófsröð:

Elvar Már Friðriksson, Haukur Helgi Briem Pálsson, Hörður Axel Vilhjálmsson, Jón Axel Guðmundsson og Tryggvi Snær Hlinason.



KÖRFUKNATTLEIKSFÓLK ÁRSINS 2020



Íþróttamaður ársins 2019 og 2020

Á árlegu hófi ÍSÍ og samtaka íþróttafréttamanna 28. desember 2019 var kvennalið Vals kjörið lið ársins 2019 og Martin Hermannsson varð í 2. sæti í kjöri Íþróttamanns ársins 2019.

Martin var aftur kjörinn í 2. sætið árið 2020, auk þess sem Tryggvi Snær Hlinason var kjörinn í 10. sætið.





Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs

Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs tók til starfa á vormánuðum 2020 eftir að mennta- og menningarmálaráðuneytið setti lög um starfið haustið 2019. Samskiptaráðgjafi hefur það markmið að auka öryggi í íþróttá- og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðinna. Markmiðið er að allir geti tekið virkan þátt á sínum vettvangi og jafnframt leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem hafa átt sér stað án þess að óttast afleiðingar.

Þjónusta og ráðgjöf samskiptaráðgjafa stendur öllum þeim til boða sem tilheyra skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi á landinu. Til samskiptaráðgjafa er hægt að leita með mál er varða andlegt-, líkamlegt- og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, einelti og önnur sambærileg tilvik sem hafa komið upp á vettvangi íþróttá- eða æskulýðsstarfs. Einnig mun samskiptaráðgjafi koma á samræmdum viðbragðsáætlunum á landsvísu í þessum málaflokkum.

Starfi samskiptaráðgjafa sinnir Sigurbjörg Sigurpálsdóttir sem er klínískur sálfræðingur með aðsetur í húsnæði Domus Mentis Geðheilsustöðvar. Hægt er að hafa beint samband við hana og er hún með símatíma alla þriðjudaga kl. 10-11, í síma 839-9100. Utan þess tíma er hægt að hringja í símanúmerið en ekki alltaf öruggt að ná samtali. Einnig er hægt að senda tölvupóst á sigurbjorg@dmq.is sem verður svarað eins fljótt og hægt er.

Eftir samtal eða fyrstu samskipti við samskiptaráðgjafa er boðið upp á viðtal ef málið varðar áreitni, ofbeldi eða einelti. Þá er frekari upplýsinga aflað og í kjölfarið eru næstu skref ákveðin, ávallt í samráði við þann sem leitar til samskiptaráðgjafa. Einnig er hægt að leita eftir ráðgjöf hjá samskiptaráðgjafa, ekki þarf að fara lengra með mál ef viðkomandi kýs það ekki.



Samskiptaráðgjafi er óháður aðili sem getur aðstoðað og leiðbeint einstaklingum sem telja sig hafa verið beittir ofbeldi eða misrétti í íþróttá- eða æskulýðsstarfi. Þjónusta samskiptaráðgjafa er gjaldfrjáls.

Heimasíða samskiptaráðgjafa er <https://www.samskiptaradgjafi.is/> og mun hún þjóna sem upplýsinga- og fræðslusíða starfsins. Hægt er að setja sig í samband við samskiptaráðgjafa í gegnum síðuna, tilkynna atvik og fá ráðgjöf eða aðrar upplýsingar.

Skýrsla mótanefndar KKÍ 2019-2021

Mótanefnd er skipuð þeim Lárusi Blöndal, formanni, Guðna Guðnasyni og Bjarka Þorsteinssyni.

Tímabilið 2019-2020

Tímabilið 2019-2020 voru 35 félög skráð til leiks, en það eru tveimur félögum meira en tímabilið á undan.

Í meistarakeppni var leikið í Origo höll Vals, heimavelli Íslandsmeistara kvenna. Í karlaleiknum mættust Íslandsmeistarar KR og bikarmeistarar Stjörnunnar og hafði Stjarnan betur 89-77. Í kvennaleiknum áttu Íslandsmeistarar Vals og Stjarnan að mætast, en Stjarnan hafði tapað gegn Val í bikarúrslitum. Stjarnan dró hins vegar lið sitt úr keppni og því var liðið Keflavíkur boðið sætið, en Keflavík hafði tapað í undanúrslitum bikarkeppninnar. Svo fór að Valur vann 105-81.



Geysisbikarkeppni KKÍ var haldin með sama sniði og árið á undan, en allir úrslitaleikirnir voru leiknir í Laugardalshöll í umsjón KKÍ. Leikir meistaraflokka voru allir sýndir í beinni útsendingu á RÚV eða RÚV2 ásamt úrslitaleik unglingsflokks karla. Til stóð að sýna bikarúrslitaleik 10. flokks stúlkna í beinni á RÚV2, en fresta þurfti leiknum vegna veðurs og fór hann fram eftir bikarúrslitaleik kvenna í staðinn. Þeir leikir sem voru ekki í beinni útsendingu á RÚV eða RÚV2 voru sýndir beint á Youtube síðu KKÍ. Í bikarúrslitaleik karla hafði Stjarnan betur gegn Grindavík og í bikarúrslitaleik kvenna hafði Skallagrímur betur gegn KR.

Íslandsmóti allra deilda og flokka tímabilið 2019-2020 var slitið laugardaginn 14. mars vegna heimsfaraldurs COVID-19, en þá höfðu yfirvöld stöðvað allar æfingar og keppni og ekki var fyrir séð að hægt yrði að hefja æfingar aftur fyrr en í maí, rúmum sjö vikum seinna. Keppni lauk því ekki með hefðbundnum hætti.

Stjórn KKÍ sendi frá sér eftirfarandi tilkynningu til aðildarfélaga sambandsins þann 14. mars 2020.

Öllum er ljóst að uppi eru algjörlega fordæmalausar aðstæður í þjóðfélaginu vegna heimsfaraldurs Kórónaveirunnar. Stjórn og starfsmenn KKÍ funduðu í morgun til að fara yfir þá stöðu sem upp er komin og hvernig bregðast skuli við með mótahaldið. Mótanefnd og stjórn KKÍ hefur til hliðsjónar hj lið 3. greinar reglugerðar um mótanefnd, en þar segir um hlutverk mótanefndar, „að gera tillögu að mótafyrirkomulagi til stjórnar KKÍ ef ljóst er að mótahald verði ekki með þeim hætti sem tilgreint er í reglugerð um körfuknattleiksmót.“ Í þeim aðstæðum sem uppi eru, þar sem ríkisstjórn Íslands að tillögu sóttvarnarlæknis hefur sett á fjögurra vikna samkomubann, er ljóst að mótahald verður ekki með þeim hætti sem tilgreint er í reglugerð um körfuknattleiksmót.

Í ljósi þessa hefur stjórn KKÍ ákveðið eftirfarandi:

Íslandsmóti 2019-2020 er lokið í eftirfarandi flokkum og deildum. Í umræddum deildum og flokkum verður enginn deildar- eða Íslandsmeistari krýndur tímabilið 2019-2020.

- 2. deild karla
- 2. deild kvenna

- 3. deild karla
- unglingsflokkur karla
- stúlknaflokkur
- drengjaflokkur
- 10. flokkur drengja og stúlkna
- 9. flokkur drengja og stúlkna
- 8. flokkur drengja og stúlkna
- 7. flokkur drengja og stúlkna
- minnibolti 11 ára drengja og stúlkna
- minnibolti 10 ára drengja og stúlkna

Íslandsmóti Domino's deilda karla og kvenna ásamt 1. deilda karla og kvenna er frestað meðan samkomubann er. Endanleg ákvörðun um framhald þessara deilda verður tilkynnt í síðasta lagi á miðvikudag 18.3.2020 þegar íþróttahreyfingin hefur fengið rými til að ræða frekar við sóttvarnarlækni og almannavarnir um þá stöðu sem er uppi og með hvaða hætti samkomu- og nálægðarbann hefur áhrif á íþróttahreyfinguna.

Ef stjórn KKÍ ákveður að ljúka keppnistímabilinu 2019-2020 í tveimur efstu deildum karla og kvenna, mun stjórnin funda áfram og ræða hvort og þá hvernig lið verði flutt milli deilda. Ótímabært er að fara nánar út í það á þessari stundu.



Þegar ljóst var að ekki yrði hægt að hefja æfingar aftur fyrr en í fyrsta lagi í lok apríl og að öllum líkindum ekki fyrr en í byrjun maí var ljóst að ekki yrði hægt að leika fleiri leiki keppnistímabilið 2019-2020. Stjórn KKÍ fékk því það vandasama og flókna verkefni að skera úr um hvernig lokaniðurstaða keppnistímabilsins yrði og hvernig lið myndu færast á milli deilda.

Stjórn KKÍ komst að niðurstöðu eftir mikil fundarhöld, en eftirfarandi tilkynning var send á aðildarfélög sambandsins miðvikudaginn 18. mars 2020.

Stjórn KKÍ fundaði í hádeginu í dag til að ræða framhald Domino's deilda og 1. deilda karla og kvenna. Það er ekki ofsögum sagt að þær aðstæður

sem uppi eru í dag eru án fordæma og því var það verkefni sem beið stjórnar KKÍ vandasamt og krefjandi.

Fyrir fundinn höfðu starfsmenn KKÍ teiknað upp nokkrar sviðsmyndir með mismunandi útfærslum af keppnisfyrirkomulagi að loknu samkomubanni. Stjórn KKÍ ræddi þessar sviðsmyndir á fundi sínum í dag og þá möguleika sem þær fela í sér. Vitað var að allar þær ákvarðanir sem hægt var að taka eru erfiðar og að einhverju leyti slæmar, sér í lagi þar sem ekki verður hægt að nýta reglugerðir sambandsins.

Vitað er að talsverð óvissa er framundan hvað varðar stöðu erlendra leikmanna og möguleika þeirra til að snúa aftur til landsins þegar rofar til. Ekki er vitað vitað hvort og hvaða leikmenn geta hugsanlega snúið aftur til Íslands þegar mótið yrði sett á að nýju. Þar eru það ekki aðeins aðgerðir íslenskra yfirvalda sem geta haft áhrif þar heldur aðgerðir annarra stjórnvalda eins og við höfum séð í fréttum undanfarna daga. Einnig er nokkur óvissa með hversu lengi samkomubann muni vara sem og flækjustig og vandamál tengd liðsæfingum í samkomubanni. Einnig er ekki ljóst hvort stjórnvöld muni grípa til harðari eða kraftmeiri aðgerða í baráttu sinni.

Algjör óvissa er á þessari stundu hversu alvarleg áhrif kórónavírusinn og COVID-19 sjúkdómurinn muni hafa á leikmannahópa, þjálfarateymi, dómara, sjálfboðaliða og annað starfslíð félaga í umræddum deildum. Mikilvægt er að huga að öllum þeim þátttakendum sem koma að leiknum og getu félaga til að tefla fram liði/leikmönnum með þjálfurum, sem og getu félaga til að sjá um heimaleiki sína og að hafa fullfríska dómara. KKÍ þarf, eins og aðrir í þjóðfélaginu að huga að heilsu og heilbrigði allra þeirra sem að íþróttinni koma.

Af samtölum íþróttahreyfingarinnar við yfirvöld má skilja að það fjögurra vikna samkomubann sem sett hefur verið sé lágmark, það hefur og komið fram á daglegum blaðamannafundum almannavarna að ekki er víst að fjórar vikur dugi og að líkön þeirra geri ráð fyrir að þjóðfélagið verði að einhverju leyti í lamasessi fram á sumarmánuði vegna kórónavírussins. Aðgerðir stjórnvalda hafa verið að herðast undanfarna daga og óvíst hver staðan verður á næstu misserum vegna þess. Að framansögðu má telja ljóst að ekki verður hægt að spila strax og samkomubanni verður aflétt, einnig er ekki víst hvort lið verða fullmönnuð. Ómögulegt yrði því að festa dagsetningar að loknu því ástandi sem nú ríkir.

Það óvænta rof sem orðið hefur á keppnisdagatalinu, ásamt þeirri óvissu sem fylgir um áframhaldandi aðgerðir stjórnvalda í baráttunni gegn kórónaveirunni og áhrif veirunnar á félög KKÍ voru að endingu það leiðarljós sem stjórn sambandsins fylgdi. Allir eru meðvitaðir um að engar ákvarðanir eru í boði þar sem allir njóta algjörar sanngirni, þar sem eina rétta og sanngjarna niðurstaðan fæst með því að klára deildar- og úrslitakeppnir. Í grunninn má segja að allar ákvarðanir verði rangar, en hlutverk stjórnar KKÍ er þá að taka ákvörðun sem hún telur besta fyrir körfuknattleikshreyfinguna til lengri tíma litið.

Niðurstaða stjórnar KKÍ við það ástand sem við blasir er því að ekki verður keppt frekar á keppnistímabilinu 2019/2020. Einnig samþykkti stjórn KKÍ eftirfarandi á fundi sínu, miðvikudaginn 18. mars 2020

1. Enginn Íslandsmeistari verður krýndur tímabilið 2019/2020.
2. Sú niðurstaða sem deildarkeppni Domino's deilda og 1. deilda hefur þegar gefið okkur ræður.
 - i. Fjölnir fellur niður í 1. deild karla.
 - ii. Valur er deildarmeistari Domino's deildar kvenna og Fjölnir deildarmeistari 1. deildar kvenna.
3. Núverandi stöðutafla er lokastaða Domino's deilda og 1. deilda tímabilið 2019/2020. Það þýðir að,
 - i. Stjarnan er deildarmeistari Domino's deildar karla.
 - ii. Höttur er deildarmeistari 1. deildar karla og vinnur sér sæti í Domino's deildinni tímabilið 2020/2021. Engin frekari breyting verður á Domino's deild karla.
 - iii. Grindavík fellur úr Domino's deild kvenna. Fjölnir er deildarmeistari 1. deildar kvenna og vinnur sér sæti í Domino's deildinni tímabilið 2020/2021. Engin frekari breyting verður á Domino's deild kvenna.

Vegna þeirra aðstæðna sem uppi eru og hafa stuðlað að ótímabærum lokum keppnistímabilsins 2019/2020 má ljóst vera að mörg félög muni lenda í fjárhagsvanda vegna talsverðs tekjumissis. Það sama mun gilda um fjárhag KKÍ. Það verður verðugt verkefni allra hlutaðeigandi að takast á við þann vanda.

Stjórn og starfsmenn KKÍ vilja að lokum þakka aðildarfélögum sínum innilega fyrir sýnda biðlund og mikinn skilning á við þessar erfiðu aðstæður sem uppi eru. Við óskum ykkur alls hins besta í framhaldinu. Áfram körfubolti.



Með þessum hætti lauk keppnistímabilinu 2019-2020. Enginn verðlaun voru veitt til leikmanna fyrir frammistöðu tímabilsins.

Mótanefnd stóð fyrir tveimur fundum fyrir keppnistímabilið. Í maí var haldinn dagatalsfundur þar sem farið var yfir skipulag komandi tímabils og aðildarfélögum gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Í lok ágúst var haldinn fundur með unglingaráðum félaganna þar sem farið var yfir keppni yngri flokka á því tímabili sem framundan var.

Tímabilið 2020-2021

Tímabilið 2020-2021 voru 33 félög skráð til leiks, en það eru tveimur félögum minna en tímabilið á undan. Samstarfi félaga á Suðurlandi um lið FSu lauk og því var ekki keppt undir þeirra merkjum, Grundarfjörður dró lið sitt úr keppni en stefndi á keppni í 4. deild karla og Hörður sem tók þátt í 2. deild kvenna tímabilið á undan. Þróttur Vogum bættist við í 3. deild karla. Vitað er af áhuga fleiri liða, sem ákváðu þó að bíða með þátttöku vegna aðstæðna.

Í meistarakeppni kvenna var leikið í Borgarnesi þar sem deildarmeistarar Vals mættu bikarmeisturum Skallagríms, en ákveðið var að bjóða deildarmeisturum að taka sæti Íslandsmeistara þar sem engir Íslandsmeistarar voru krýndir 2020. Skallagrímur hafði sigur 74-68.

Í meistarakeppni karla var leikið í Mathús Garðabæjar-höllinni þar sem deildarmeistarar Stjórnunnar mættu fulltrúum bikarkeppninnar, Grindavík, en Grindavík tapaði í bikarúrslitum fyrir Stjórnunni. Stjarnan hafði sigur 106-86.

Domino's deild karla er skipuð 12 liðum og eru Höttur nýliðar í deildinni. Aðeins tókst að leika fyrstu umferð Domino's deildar karla áður en keppni var stöðvuð af yfirvöldum 7. október 2020 og æfingar bannaðar á höfuðborgarsvæðinu. Almennt æfingabann var sett á 31. október og stóð til 8. desember 2020. Keppni var heimiluð að nýju 13. janúar 2021, en önnur umferð Domino's deild karla var leikin 14.-15. janúar 2021. Leiknar voru níu umferðir frá 14. janúar til 12. febrúar, en þá tók landsleikjahlé við. Keppni Domino's deildar karla hófst aftur 28. febrúar eftir landsleikjahlé, en fyrirhugað er að deildarkeppni ljúki 15. apríl.

Domino's deild kvenna er skipuð 8 liðum og eru Fjölur nýliðar í deildinni. Það tókst að hefja þriðju umferð áður en keppni var stöðvuð af yfirvöldum 7. október 2020 og æfingar bannaðar á höfuðborgarsvæðinu. Vegna frestana sem komu til vegna COVID-19 þá höfðu liðin leikið mismarga leiki. Almennt æfingabann var sett á 31. október og stóð til 8. desember 2020. Keppni var heimiluð að nýju 13. janúar 2021, en önnur umferð Domino's deild kvenna var leikin 13. janúar 2021. Leiknar voru fimm umferðir frá 13.-27. janúar, en þá tók landsleikjahlé við. Keppni Domino's deildar kvenna hófst aftur 17. febrúar eftir landsleikjahlé, en fyrirhugað er að deildarkeppni ljúki 17. apríl. Stjórn KKÍ ákvað, að tillögu mótanefndar, að fækka umferðum Domino's deildar kvenna úr fjórum í þrjár, en hvert lið deildarinnar mun þá leika samtals 21 leik á keppnistímabilinu 2020-2021.

1. deild karla er skipuð 9 liðum, en lið Snæfells dró sig úr keppni stuttu fyrir fyrstu umferð. Fyrsta umferð var leikin áður en keppni var stöðvuð af yfirvöldum. Keppni var bönnuð af yfirvöldum 7. október 2020 og æfingar bannaðar á höfuðborgarsvæðinu. Almenn æfingabann var sett á 31. október og stóð til 8. desember 2020. Keppni var heimiluð að nýju 13. janúar 2021, en önnur umferð 1. deildar karla var leikin 15. janúar 2021. Fyrirhugað er að deildarkeppni ljúki 12. apríl. Félög í 1. deild karla óskuðu eftir því fyrir upphaf keppnistímabilsins að leikin yrði tvöföld umferð í stað þrefaldrar umferðar, en það var samþykkt af stjórn KKÍ. Af þeim sökum leikur hvert lið deildarinnar 16 leiki á keppnistímabilinu 2020-2021.

1. deild kvenna er skipuð 9 liðum. Liðin léku einn til fjóra leiki áður en keppni var stöðvuð af yfirvöldum. Keppni var bönnuð af yfirvöldum 7. október 2020 og æfingar bannaðar á höfuðborgarsvæðinu. Almenn æfingabann var sett á 31. október og stóð til 8. desember 2020. Keppni var heimiluð að nýju 13. janúar 2021, en önnur umferð 1. deildar kvenna var leikin 16. janúar 2021. Fyrirhugað er að deildarkeppni ljúki 17. apríl. Stjórn KKÍ ákvað, að tillögu mótanefndar, að fækka umferðum 1. deildar kvenna úr þremur í tvær, en hvert lið deildarinnar mun þá leika samtals 18 leiki á keppnistímabilinu 2020-2021.

2. deild karla er skipuð 12 liðum. Liðin léku einn til tvo leiki áður en keppni var stöðvuð af yfirvöldum. Æfingabann neðri deilda stóð lengur, en æfingar þeirra hófust aftur 13. janúar. Keppni 2. deildar karla hófst að nýju 13. febrúar. Stjórn KKÍ ákvað, að tillögu mótanefndar, að fækka umferðum 2. deildar karla úr tveimur í eina, en hvert lið deildarinnar mun þá leika samtals 11 leiki á keppnistímabilinu 2020-2021.

3. deild karla er skipuð 6 liðum. Keppni var ekki hafin í deildinni þegar keppni var stöðvuð af yfirvöldum. Æfingabann neðri deilda stóð lengur, en æfingar þeirra hófust aftur 13. janúar. Keppni 3. deildar karla hófst 13. febrúar. Stjórn KKÍ ákvað, að tillögu mótanefndar, að fækka umferðum 3. deildar karla úr tveimur í eina, en hvert lið deildarinnar mun þá leika samtals 5 leiki á keppnistímabilinu 2020-2021.

Til stóð að halda keppni í 2. deild kvenna og 4. deild karla, en deildirnar eru utandeildir. Engin keppni hefur farið fram í þessum deildum á tímabilinu og ólíklegt má teljast að keppt verði í deildunum fyrr en tímabilið 2021-2022.

Bikarkeppni meistaraflokka verður ekki leikin með hefðbundnu sniði vegna takmarkana yfirvalda, en ekki tókst að hefja leik áður en keppni var stöðvuð. Í stað venjulegrar bikarviku, þar sem undanúrslit meistaraflokka ásamt bikarúrslitum allra flokka eru leikin, þá verða bikarúrslit meistaraflokka leikin laugardaginn 1. maí í Smáranum í Kópavogi. Breyttur leikstaður kemur til vegna vatnsskemmda sem urðu á gólfi Laugardalshallar, en Laugardalshöll verður ekki leikhæf að nýju fyrr um mitt ár. Fyrirkomulag bikarkeppni meistaraflokka verður eftirfarandi:

- lið 1. deildar karla leika um fjögur laus sæti í 16 liða úrslitum, en öll lið Domino's deildar karla komast beint í 16 liða úrslit. Leikið verður á um þriggja daga fresti, 16-, 8- og 4-liða úrslit, og eins og fyrr segir, úrslit í Smáranum í Kópavogi 1. maí. Undankeppni 1. deildar er leikin sitt hvoru megin við

lokaumferð 1. deildar karla, en 16, 8 og undanúrslit eru leikin að lokinni deildarkeppni Domino's og 1. deilda karla.

- Í bikarkeppni kvenna eru 16 lið skráð úr Domino's og 1. deildum kvenna og fara þau öll áfram í 16 liða úrslit, sem hefst að lokinni deildarkeppni.

Mótanefnd stóð fyrir einum fundi fyrir keppnistímabilið. Í maí var haldinn dagatalsfundur þar sem farið var yfir skipulag komandi tímabils og aðildarfélögum gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Ekki gafst færi á að halda fund með unglingaráðum félaganna í ágúst vegna samkomutakmarkana.

Skýrsla dómarnefndar KKÍ 2019-2021

Stjórn KKÍ skipaði eftirtalda einstaklinga í dómarnefnd KKÍ:

Jón Bender formaður, Rögnvaldur Hreiðarsson og Aðalsteinn Hrafnkelsson.

Starfssemi dómarnefndar var með nokkuð breyttum hætti vegna COVID-19. Hausti fundur 2019 var með hefðbundnum hætti en það voru gestafyrirlesarar Kati Nynäs og Karolina Andersson frá Finnlandi. Degi fyrir haustfundinn höfðu þær einnig haldið opinn fyrirlestur um konur í dómara starfinu í samvinnu við dómarnefnd KKÍ, Háskólann í Reykjavík og Félagsmálaráðuneytið.



Nefndin stóð að rúmlega 20 fræðslufundum eftir að mótahald var lagt niður árið 2020. Sjö fundanna voru í samvinnu við IBA í gegnum SCOD verkefnið, aðrir fræðslufundir voru hluti af fræðslufundarröð sem Kristinn Óskarsson, FIBA Instructor, stýrði en margir dómarar og eftirlitsmenn komu að fræðslunni. Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur heimsótti einn

fundinn og fræddi dómara. Fræðslufundur fyrir þjálfara voru haldnir að hausti bæði árin og stýrðu Jón Bender og Kristinn Óskarsson þeim. Fyrri fundurinn var haldinn í Laugardalnum og sá seinni var haldinn í gegnum Zoom fjarfundabúnað. Dómarar þreyttu þrekpróf og stunduðu endurmenntun sína á www.basketref.com en þar taka dómarar þrjú próf í mánuði ásamt annarri vinnu á vefnum.

Nefndin raðaði á alla leiki í meistaraflokkum karla og kvenna, unglingsflokkum karla, stúlknaflökki og hjá drengjaflokkum sem raðað hjá þeim félögum sem óskuðu þess en það eru orðin all flest félögin sem að óska þess. Nokkur félög úti á landi fengu undanþágu frá niðurröðun vegna mikils ferðakostnaðar á þeim forsendum að þau myndu senda einstaklinga á dómara námskeið. Undanþágan hefur verið tekin af Snæfelli þar sem að Snæfell uppfyllti ekki skilyrði undanþágunnar.

Raðað var á alla bikarleiki, úrslitaleiki og úrslitamót yngri flokka. Dómaranefnd raðaði 49 dómurum á 1125 leiki tímabilið 2019-2020 og 46 dómurum á 971 leik tímabilið 2020-2021. Langtíma markmið dómaranefndar er að fjölga dómurum með réttindi sem dæma á vegum KKÍ og að allir leikir á vegum KKÍ verði dæmdir af dómurum með réttindi. Lauslega áætlað má reikna með að það þurfi um 100 dómara á dag þegar leikjafjöldinn er sem mestur. Í bikarúrslitum yngri flokka 2020 var raðað þremur dómurum á leik. Í úrslitakeppum í tveimur efstu deildum karla og kvenna hefur þremur dómurum verið raðað á leikina.

Fimm grunnnámskeið voru haldin í samvinnu við félögin á þessum tveimur árum en COVID kom í veg fyrir fleiri slík námskeið. Þrjú annarstígs námskeið voru haldin á netinu haustið 2020 og skiluðu þau um 10 dómurum sem starfa þetta keppnistímabil sem vegur á mótum þeim sem hafa þurft að hætta. Fræðsla dómara færðist frá fræðslunefnd KKÍ til dómaranefndar sumarið 2020.

Kristinn Óskarsson fór til Króatíu 2019 á námskeið fyrir FIBA leiðbeinendur. Jón Bender var svo með Kristni á sama námskeiði 2020 en það námskeið var kennt með fjarfundabúnaði. Kristinn starfaði áfram sem leiðbeinandi í Noregi í verkefni sem FIBA kallar Small Country Officiating Development (SCOD). Hlutverk Kristins er að aðstoða Noreg við að efla dómgæslu í landinu. Í júlí 2017 var Kristinn tilnefndur af FIBA sem leiðbeinandi í Frakklandi á EM U16 kvenna A deild og 2018 var hann tilnefndur sem leiðbeinandi í Búlgaríu á EM U20 karla B-deild. Kristinn er það sem FIBA kallar FRIP Referee eða Regional Instructor og má því sinna leiðbeinandahlutverkinu um alla Evrópu.

Dómarar voru minna á ferðinni nú vegna COVID-19 en í töflum hér fyrir neðan má sjá leiki sem þeir dæmdu á vegum FIBA og einnig eru verkefni eftirlitsmanna listuð upp.

Davíð Tómas Tómasson dæmdi eftirfarandi leiki:

| Dags | Mót | Borg | Land | Leikur |
|-----------|----------------------------------|----------|--------|-------------------|
| 3.8.2019 | Evrópukeppni U20 stelpur B deild | Pristina | Kosovó | Úkraína-Írland |
| 5.8.2019 | Evrópukeppni U20 stelpur B deild | Pristina | Kosovó | Rúmanía-Kosovó |
| 7.8.2019 | Evrópukeppni U20 stelpur B deild | Pristina | Kosovó | Króatía-Bretland |
| 9.8.2019 | Evrópukeppni U20 stelpur B deild | Pristina | Kosovó | Grikkland-Úkraína |
| 10.8.2019 | Evrópukeppni U20 stelpur B deild | Pristina | Kosovó | Króatía-Rúmenía |

| | | | | |
|------------|----------------------------------|----------|----------|----------------------------------|
| 11.8.2019 | Evrópukeppni U20 stelpur B deild | Pristina | Kosovó | Írland-Bretland |
| 23.10.2019 | EuroCup kvenna | Lulea | Svíþjóð | Lulea Basket-Artego Bydgoszcz |
| 30.10.2019 | Euroleague kvenna | Riga | Lettland | TTT Riga-Tango Bourges Basket |
| 13.11.2019 | FIBA Europe Cup | Brussel | Belgía | Phoenix Brussels-Donar Groningen |
| 20.11.2019 | FIBA Europe Cup | Joensuu | Finnland | Katja Basket-Bakken Bears |

Ísak Ernir Kristinsson dæmdi eftirfarandi leiki:

| | | | | |
|------------|-----------------|--------|---------|-----------------------------|
| 30.10.2019 | FIBA Europe Cup | Árósar | Danmörk | Bakken Bears-Katja Basket |
| 27.11.2019 | FIBA Europe Cup | Árósar | Danmörk | Bakken Bears-Legia Warszawa |

Jóhannes Páll Friðriksson dæmdi eftirfarandi leiki:

| | | | | |
|------------|----------------------------------|-----------|-----------------|---------------------------|
| 8.8.2019 | Evrópukeppni U16 strákar B deild | Podgorica | Svartfjallaland | Austurríki-Rúmenía |
| 9.8.2019 | Evrópukeppni U16 strákar B deild | Podgorica | Svartfjallaland | Portúgal-Tékkland |
| 9.8.2019 | Evrópukeppni U16 strákar B deild | Podgorica | Svartfjallaland | Svíþjóð-Noregur |
| 10.8.2019 | Evrópukeppni U16 strákar B deild | Podgorica | Svartfjallaland | Noregur-Pólland |
| 12.8.2019 | Evrópukeppni U16 strákar B deild | Podgorica | Svartfjallaland | Bretland-Belgía |
| 13.8.2019 | Evrópukeppni U16 strákar B deild | Podgorica | Svartfjallaland | Holland-Írland |
| 15.8.2019 | Evrópukeppni U16 strákar B deild | Podgorica | Svartfjallaland | Finnland-Úkraína |
| 16.8.2019 | Evrópukeppni U16 strákar B deild | Podgorica | Svartfjallaland | Kosovó-Sviss |
